

Góðan daginn,

Ég hef samband til að biðja ykkur á [nafn á stað] að vera ekki með neinar sýningar eða viðburði tengdar Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2024, heldur bjóða upp á eitthvað annað í staðinn, til að mynda viðburði sem fagna palestínskum hinseginleika. Það hefur mögulega farið framhjá ykkur að Palestínufólk hefur [kallað](#) eftir sniðgöngu á keppninni þar sem skipuleggjendur keppinnar, Evrópusamtök útvarpsstöðva (EBU), neita að reka Ísrael úr keppninni þrátt fyrir áframhaldandi þjóðarmorð á Gaza og aðskilnaðarstefnu Ísraels gegn öllu Palestínufólki.

Það er liðið á sjöunda mánuð af þjóðarmorðsherferð Ísraels gegn 2.3 milljónum Palestínubúa á Gaza, sem eru þolendur ofsafullra og látlausra árása. Tugþúsundir palestínufólks hafa verið myrt og yfir milljón verið hrakin á flóttu. [Oxfam](#) og önnur vel þekkt alþjóðleg mannréttindasamtök greina frá því að Ísrael noti hungur sem vopn gegn Palestínufólki á Gaza, þar sem herkví Ísraels veldur alvarlegum skorti á mati, hreinu vatni og nauðsynlegum lyfjum.

Nú meira en nokkru sinni er brýn þörf fyrir því að Ísrael og samverkajóðir þess séu dregnar til ábyrgðar fyrir þessa glæpi. Í stað þess er Ísrael boðið heilt svið í Eurovision til þess að hylma yfir stríðsglæpi sína gegn Palestínufólki og koma á framfæri ímynd sinni sem skemmtileg og hress þjóð. Þátttaka í söngvakeppni Eurovision gerir Ísrael kleift að '[listþvo](#)' áframhaldandi þjóðarmorð á Palestínufólki. Þessi áróður hefur verið viðurkenndur af forseta Ísraels, Isaac Herzog, sem sagði nýlega að „það væri mikilvægt fyrir Ísrael að birtast í Eurovision“.

Samtök evrópskra sjónvarpsstöðva hafa nú þegar sýnt að þau geta rekið lönd úr keppninni ef þau vilja. Árið 2022 ráku samtökin Rússland úr keppninni vegna ólöglegar innrásar þeirra í Úkraínu. Samt sem áður neita þau að verða við beiðni Palestínufólks um að banna Ísrael frá keppninni í ljósi áratugalangrar kúgunar Palestínufólks, þar með talið í ljósi núverandi þjóðarmorðs á Palestínufólki á Gaza. Þessi afstaða sýnir hræsni og skeytingarleysi gagnvart palestínskum lífum.

Ákall Palestínufólks eftir sniðgöngu á Eurovision felur líka í sér beiðni til allra skemmtistaða um að aflýsa sýningum á Eurovision og íhuga frekar að halda viðburð sem er ekki samdauna aðskilnaðarstefnu og þjóðarmorði. Ég bið ykkur um að svara ákalli Palestínufólks og neita að sýna viðburð sem gerir Ísrael kleift að [listþvo](#) og [bleikþvo](#) þjóðarmorðið á Gaza. Fjöldi staða hafa nú þegar [hætt við að sýna Eurovision](#) í samstöðu við Palestínufólk. Þið getið slegist í hóp þeirra sem taka yfirvegaða afstöðu með mannréttindum og gegn stríðsglæpum.

Mörg í samfélaginu okkar eru full sorgar og reiði þar sem við erum á hverjum degi vitni að þjóðarmorði í beinu streymi. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að sýna merkingarbæra samstöðu með Palestínufólki þar sem þau berjast gegn hrottafullu ofbeldi og halda áfram að krefjast frelsis.

Kærar þakkir fyrir að lesa þetta bréf. Ekki hika við að hafa samband ef að þið eruð með einhverjar spurningar, ef ég get stutt ykkur í ákvörðunartökunni eða ef þið viljið eiga í frekara samtali um þetta mikilvæga málefni.

Með kærri kveðju,

[Nafn eða félag]